

LÖG

um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1.– 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 6. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.